

REGLUGERÐ

6

17. febr.

um breytingu á reglugerð um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa,
nr. 20 frá 13. febrúar 1953.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur frá Keflavík, Njarðvíkum, Vatnsleysuströnd, Hafnarfirði, Reykjavík eða Akranesi fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir.

Í janúar	kl. 02.05
Í febrúar	— 01.05
Frá 1. marz til 15. marz	— 24.05
Frá 16. marz til 31. marz	— 23.05
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 22.05
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 21.05
Í maí	— 20.05

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, sem hugsast dregin milli ljósdufla 1 S og 2 S, sem lagt hefur verið sem hér segir:

Dufl merkt 1 S er á 64°07'0 n.br. og 22°47'5 v.lg

Dufl merkt 2 S er á 64°05'3 n.br. og 22°48'7 v.lg.

Ljóseinkenni: Hvítt leiftur á einnar sek. bili.

Fyrir tilsettan tíma má þó enginn bátur fara suður fyrir línu, sem hugsast dregin milli ljósdufls 2 S og Garðskagavita. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, skulu nefndarmenn, sem kjörnir eru samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar, annast um, að ljósmerki sé gefið.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur, sem gengur til veiða frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 01.05
Í febrúar	— 00.05
Frá 1. marz til 15. marz	— 23.05
Frá 16. marz til 31. marz	— 22.05
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 21.05
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 20.05

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við ljósdufl nr. 9, sem lagt hefur verið eins og hér segir:

64°14'5 n.br.

22°18'1 v.lg.

Ljóseinkenni: Hvítur þrúblossi á 25 sek. bili

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta, til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. febrúar 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.